Nr. 49 23. júní 2022

# LÖG

**um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009 (framlenging bráðabirgðaákvæða).**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „og 2022“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögunum kemur: 2022 og 2023.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða II í lögunum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. málsl. 1. mgr. 10. gr. skal hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti frá álögðum tekjuskatti árið 2023 vera samtals 1.000.000.000 kr., þar af skal heimilt að telja til þeirrar fjárhæðar allt að 200.000.000 kr. vegna aðkeyptrar rannsóknar- eða þróunarvinnu skv. 6. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. júní 2022.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

A-deild – Útgáfudagur: 7. júlí 2022